



# Byggðastofnun

## Próunarsvið

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1476  
komudagur 29.3.2010

Dagsetning  
29.03.2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um lækkun raforkukostnaðar garðyrkjubænda, mál 193.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Tillagan felur í sér að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra kanni leiðir til að lækka raforkukostnað garðyrkjubænda og skila tillögum um leiðir fyrir árslok. Í umræðu á Alþingi kom fram að breið samstaða er um málið og að æskilegt væri að ráðherrar skiluðu tillögum fyrir þinglok í vor. Byggðastofnun telur brýnt að fundin verði sanngjörn lausn á raforkumálum garðyrkjubænda og styður tillöguna, svo og að ráðherrar skili niðurstöðum fyrir þinglok.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1663  
komudagur 9.4.2010

Reykjavík, 7. apríl 2010  
EBI/--

**Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar  
garðyrkjubænda, 193. mál á 138. löggjafarþingi**  
Tilv. 2010030011

Stjórn BÍ samþykkti á fundi sínum 17. mars s.l. að lýsa yfir stuðningi við samþykkt  
tillögunar.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/143/*  
*komudagur 26.3.2010*

Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. mars 2010  
2010030013/42-1-3  
TB  
jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda**


Vísað er til tölvupósts/bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 15. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda, 193. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við framangreinda tillögu enda kemur hún ekki inn á verksvið stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson



Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík 23. mars 2010


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda, 193. mál.**

Neytendasamtökin eru fylgjandi því að kannað verði með hvaða hætti sé hægt að lækka rafmagnskostnað til garðyrkjubænda og lýsa því yfir stuðningi sínum við þessa þingsályktunartillögu.

Neytendasamtökin leggja áherslu á að þessi lækkun sé ekki niðurgreidd úr ríkissjóði eða velt yfir á aðra kaupendur raforku. Einnig að tryggt sé að ef rafmagnskostnaður til garðyrkjubænda lækki komi það fram í verði til neytenda.

Loks minna Neytendasamtökin á að Orkusetur í samvinnu við Vistvæna orku ehf. hefur verið að þróa sérstaka ljósdíóðulampa fyrir gróðurhús. Tilraunir hafa gefið góða raun bæði hvað varðar orkunotkun og endingu lampana. Sjá nánar: <http://www.orkusetur.is/Apps/WebObjects/OS.woa/wa/dp?id=2174&detail=27387>. Allt bendir til að hér sé um að ræða ákjósanlegan kost fyrir garðyrkjubændur að ræða í framtíðinni og sem mun leiða til lækkandi framleiðslukostnaðar.

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendasamtakanna



Jóhannes Gunnarsson formaður

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1477  
komudagur 29.3.2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9  
108 REYKJAVÍK  
os@os.is

Sími - 569 6000  
Fax - 568 8896  
http://www.os.is

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. mars 2010  
Tilvísun: 2010030024  
Bréfalykill: 50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda, 193. mál.**

Orkustofnun hefur borist erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 24. mars sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda, 193. mál.

Í formála tillögunnar segir m.a.: „Alþingi ályktar að skora á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og iðnaðarráðherra að kanna leiðir til að lækka rafmagnskostnað garðyrkjubænda, sérstaklega dreifingarkostnað.“ Þá kemur fram í tillögunni að markmið hennar sé að skapa garðyrkjunni viðunandi starfsumhverfi og tryggja þannig viðvarandi vöxt í greininni. Þá er fjallað um mismunandi gjaldskrár, annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifbýli og er iðnaðarráðherra hvattur til að eyða þeirri mismunun sem felst í slíkri gjaldskrársetningu.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni tillögunnar en tekur ekki afstöðu til hennar að svo stöddu. Hins vegar vill Orkustofnun koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum þar sem leitast er við að lýsa núverandi fyrirkomulagi og svara því hvaða áhrif umrædd tillaga kunni að hafa á raforkunotendur. Þá er meðfylgjandi umsögn þessari ábendingar Orkustofnunar um þau atriði í greinargerð, sem og fylgiskjölum með tillögunni, sem stofnunin telur rétt að áréttu.

**Forsaga**

Núverandi fyrirkomulagi á raforkumálum var komið á með setningu raforkulaga, nr. 65/2003, sem komu til framkvæmda 1. júlí 2003 með því að raforkufyrirtækin hófu undirbúning að ýmsum breytingum á því skipulagi sem verið hafði til staðar hjá raforkufyrirtækjunum (rafveitunum) frá upphafi rafvæðingar. Megintilgangur laganna var að aðgreina samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi, þar sem raforkan sjálf félli undir samkeppnisreglur en raforkukerfin, flutningskerfi og dreifikerfi, væru undir sérstöku eftirliti Orkustofnunar (til glöggvunar er rétt að benda á að í umsögn þessari tekur orðið raforka til orkunnar sjálfrar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Dreifingarkostnaður tekur til kostnaðar af raforkukerfunum, þ.e. flutningskerfis og dreifikerfa, og fellur sá rekstur undir sérleyfisstarfsemi. Með hugtakinu rafmagnskostnaður, er vísað til heildarkostnaðar notandans þ.e. kaup á raforku, flutningi hennar og dreifingu). Af þessu leiddi að skipulag rafveitna þurfti að taka mið af lögunum með tillit til sérleyfis- og samkeppnisþátta sem fól í sér endurskipulagningu starfseminnar annars vegar og aðskilnað bókhalds hins vegar.

Í upphafi ársins 2005 var formlegri skiptingu milli samkeppnis- og sérleyfisstarfsemi komið á

hjá rafveitunum. Settar voru aðskildar gjaldskrár fyrir raforku annars vegar og dreifingarkostnað raforku hins vegar. Jafnframt var tveimur fyrirtækjum, RARIK og Orkubúi Vestfjarða heimilað, þar sem þessi fyrirtæki uppfylltu viðeigandi ákvæði raforkulaganna, að setja sérstaka gjaldskrá fyrir dreifbýli auk þéttbýlisgjaldskrárinnar. Settar voru sérstakar reglur um skilgreiningu á dreifbýli fyrir fyrirtækin til að fara eftir við flokkun á dreifiveitusvæðum sínum. Samhliða fyrrgreindri skiptingu milli dreifbýlis og þéttbýlis ákváðu stjórnvöld að leggja til ákveðna upphæð, þ.e. 230 Mkr., til að greiða niður kostnað við dreifingu raforku í dreifbýli þannig að dreifingarkostnaður þar yrði jafn dreifingarkostnaði hjá þeirri dreifiveitu sem lægstan (meðal)dreifingarkostnað hefði. Meginástæða þess að fyrrgreint fyrirkomulag var innleitt var umdeild niðurgreiðsla þéttbýlisnotenda á rafmagni dreifbýlisnotenda, sem einnig veikti samkeppnisstöðu iðnaðar- og þjónustufyrirtækja í þéttbýli á veitusvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarðar, sem voru í samkeppni við þéttbýlisveitur (Norðurorka og Orkuveita Reykjavíkur).

### **Gjaldskrár**

Gjaldskrá fyrir flutning raforku er innheimt með dreifingargjaldskrá dreifiveitu. Eins og segir í 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga, skulu dreifiveitur við setningu gjaldskrár gæta jafnræðis og skal byggt á hlutlægum og gegnsæjum sjónarmiðum. Ennfremur segir að gjaldskrá skuli vera þannig uppbyggð að hún hvetji til bættrar nýtingar dreifikerfis utan álagstíma. Í reglugerðinni eru nefnd tvö gjaldskrárform, þ.e. tvíliðataxti (orkutaxti) og þríliðataxti (afltaxti). Af þessu leiðir að dreifiveitum ber að móta gjaldskrár sínar eftir notkunarmynstri, en er óheimilt að tengja þær einstökum atvinnugreinum.

Almennt endurspeglar afltaxti dreifiveitu kostnaðarlíkan hennar. Fastagjald tekur til fastra kostnaðarþátta, aflgjald tengist álagi á veitukerfið og þar með afskriftum af stofnkostnaði en orkugjaldið endurspeglar breytilegan kostnað við rekstur og töp kerfisins. Þar sem stofnkostnaður veitukerfisins er stór hluti heildarkostnaðar verður kostnaður af afltoppi afgerandi hluti kostnaðar, en því mikilvægt að nýta hann sem best.

Gjaldskrár með fastagjaldi, sem svarar til aflþáttar, fyrir mismunandi stærð notenda ásamt orkugjaldi hefur sömu áhrif á kostnað notanda. Mikilvægt er að notandi velji sér heimtaug eða taxa sem skili honum lægsta einingarverði. Notendur verða að gæta sín á því að bera ekki saman orkuverðið eitt sér í slíkum töxtum, þar sem inn í fastagjaldinu er aflþáttur sem verður að reikna jafnframt inn í einingarverðið.

Eins og fyrrnefnd reglugerð segir á dreifiveita að taka tillit til þess við gjaldskrársetningu að raforka sem notuð er utan „topp-tíma“ skuli vera á hagstæðara verði en orka notuð á „topp-tíma“.

### **Áhrif af samruna þéttbýlis- og dreifbýlisgjaldskráa**

Í tillöguninni er iðnaðarráðherra hvattur til að láta endurskoða reglugerðir og gjaldskrár með það að leiðarljósi að sameina þéttbýlis- og dreifbýlisgjaldskrár RARIK og Orkubús Vestfjarða. Verði af slíkri sameiningu verður að ganga út frá að gjaldskrár RARIK og Orkubús Vestfjarða hækki sem nemi núverandi dreifbýlisniðurgreiðslum frá ríkissjóði, en þær eru í dag um 245 Mkr., þar sem forsendur fyrir niðurgreiðslunum til jöfnunar dreifingarkostnaðar milli þéttbýlis og dreifbýlis yrðu ekki lengur til staðar. Með sameiningu gjaldskrána yrði til “ný gjaldskrá”, meðalverðsgjaldskrá sem þýðir lægra verð til dreifbýlis, en herra verð til þéttbýlis. Með slíkri breytingu væri horfið til fyrra fyrirkomulags sem á sínum tíma var talið var óréttlátt gagnvart þéttbýlisnotendum.

Verði dreifbýlissvæði lögð af myndi dreifingarkostnaður hjá RARIK breytast þannig, miðað við að dreifbýlisframlag ríkisins til fyrirtækisins væri 218,6 Mkr. :

Meðalverð 2008	Þéttbýli	Dreifbýli	Samtals.
	Kr/kWh	Kr/kWh	Kr/kWh
Fyrir breytingu	3,52	4,59	4,04
Eftir breytingu	4,30	4,30	4,30
Hlutfallsleg breyting	Hækkun um 22,3 %	Lækkun um 6,3%	Hækkun um 6,5%

Meðalverð, samtals myndi hækka um 6,5% þar sem niðurgreiðslur falla niður. Meðalverð er tilgreint án vsk.

#### Niðurgreiðslur til lækkunar kostnaðar við dreifingu raforku í dreifibýli.

Ef skoðaðar eru breytingar á framlagi ríkissjóðs til niðurgreiðslna á dreifingarkostnaði raforku í dreifibýli með hlíðsjón af verðlagsþróun síðustu ára kemur eftirfarandi í ljós:

	Visitala til verðtryggingar	Núverandi fjárveiting til niðurgreiðslu dreifingarkostnaðar	Verðleiðrét fjárveitingin til niðurgreiðslu dreifingarkostnaðar
	Stig	Mkr	Mkr
Mars 2005	239,2	230	230
Mars 2010	357,9	245	344

Af ofangreindum samanburði sést að niðurgreiðslur til lækkunar á dreifingarkostnaði í dreifibýli hafa rýrnað um u.þ.b. 100 Mkr. sé miðað við gildandi verðlagsbreytingar frá árinu 2005.

#### Niðurlag

Orkustofnun telur að gjaldskrársetning dreifiveitna grundvallist á þeim meginreglum sem settar eru fram í reglugerð nr. 1040/2005, um framkvæmd raforkulaga. Þá telur stofnunin að verðstig gjaldskráa sé í samræmi við tekjumörk, sem sett eru á grundvelli kostnaðar fyrirtækjanna og leyfilegrar arðsemi og að skipting kostnaðar milli einstakra gjaldskrárflokka taki mið af ákvæðum í fyrrgreindri reglugerð. Með sameiningu gjaldskráa fyrir dreifibýli annars vegar og þéttbýlis hins vegar væri verið að hverfa til fyrra horfs sem að margra mati var óréttlátt, leiddi til hærra verðs rafmagns í þéttbýli, sem hamlaði uppbyggingu atvinnufyrirtækja á dreifiveitusvæðum þeirra fyrirtækja sem þjónuðu dreifibýli. Forsendur fyrir sérstökum stuðningi við dreifibýlið væru þá ekki lengur fyrir hendi og niðurgreiðslur myndu falla niður. Stuðningur ríkisvaldsins í því formi að niðurgreiða dreifingarkostnað í dreifibýli var því álitin markvissari og betri leið til að styrkja dreifibýlið. Segja má að með samþykkt ríkisvaldsins á 230 Mkr fyrir árið 2005 hafi verið mörkuð ákveðin stefna um stig fjárhagsstuðnings við raforkunotendur í dreifibýli. Æskilegt væri að mati Orkustofnunar

fjárhagsstuðningur við dreifbýlið á árinu 2010 væri í takt við þá stefnu.



Lárus Ólafsson

*Fylgiskjöl:*  
Ábendingar Orkustofnunar.



**Greinagerð:**

Á bls. 2 er vísað til villandi samanburðar á orkunotkun þéttbýlisstaða. Hið rétta er að heimilin nota eingöngu 28% af almennri endanlegri raforkunotkun í landinu (þegar búið er að taka út stóriðju). Þegar notkun í einstökum bæjum (utan kaldra svæða, en þar er heimilisnotkun miklu meiri en í forsendum garðyrkjubænda) er skoðuð, virðist orkunotkun að jafnaði vera nokkuð nálægt þrefaldri notkun heimilanna. Því eru talsvert fleiri en 4 garðyrkjubændur sem nota minna rafmagn en hefðbundinn 200 manna byggðakjarni.

**Fylgiskjal I:**

Á bls. 3 er missögn, en einstökum dreifiveitum er í dag heimilt að jafna verð á milli dreifbýlis og þéttbýli. Þetta gera þær dreifiveitur sem ekki hafa nægilega mikið dreifbýli til að geta sótt um að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá auk þess sem hinum er frjálst að gera þetta þó svo að til hagsbóta fyrir flesta notendur sína hafi þau nýtt sér hina sérstöku heimild til þess að sækja niðurgreiðslur úr ríkissjóði með sérstakri dreifbýlisgjaldskrá.

**Fylgiskjal II:**

Á bls. 11 segir: "Greinilega hefur verð á dreifingu hækkað mun meira í dreifbýli en í þéttbýli en einnig vekur athygli hve hækkun á heimilistaxta er miklu minni en á afltöxtunum" Orkustofnun bendir á að umrædd fullyrðing er röng eins og sést glögglega á myndinni sem birt er fyrir ofan umræddan texta, en þar kemur skýrt fram að þeir liðir sem hækkuðu langmest voru fastagjöldin hjá heimilum í bæði þéttbýli og dreifbýli. En fastagjaldið er t.d. 45% af dreifingarkostnaði meðalheimilis með hitaveitu hjá RARIK.

Á bls. 11 og 12 er svo farið aftur í þann villandi samanburð að bera eingöngu heimilisnotkun á völdum þéttbýlisstöðum (sem allir eru með hitaveitu) saman við notkun einstakra garðyrkjustöðva en eins og áður hefur verið greint frá má margfalda notkun heimila þéttbýlisstaðanna með rúmlega þremur að meðaltali til að fá út raunverulega notkun í bæjunum.

Á bls. 12 endar greinagerðin með þar sem borinn er saman almennur taxti gagnvart afltaxta án fasts gjalds og dreifbýlisniðurgreiðslna. Af slíkum samanburði mætti ráða að garðyrkjustöð í dreifbýli sé að borga meira á orkueiningu í dreifingu en kjarnafjölskylda í Búðardal þrátt fyrir að nota e.t.v. 200 sinnum meiri orku. Hins vegar er það ekki raunin, enda leikur fastagjaldið veigamikinn þátt í dreifingarkostnaði heimilanna og er í raun kjarninn í magnafslætti í dreifingu. Þá er dreifbýlisniðurgreiðslunum einmitt ætlað að koma móts við notendur í dreifbýli og því ljóst að enginn borgar taxtann án þeirra. Þar sem Orkustofnun er borin fyrir heimildum er það stofnuninni bæði ljúft og skylt að varpa betra ljósi á þennan samanburð.

Samanburður á endanlegum dreifingarkostnaði á orkueiningu án virðisaukaskatts m .v. gjaldskrá í maí 2009. Einnig eru sérstakar niðurgreiðslur til garðyrkjunnar tundaðar.

	Heimil i í Búðar dal	Minni garðyrkjubó ndi í dreifbýli	Stærri garðyrkjubó ndi í dreifbýli	Minni garðyrkjub óni í þéttbýli	Stærri garðyrkjubó ndi í þéttbýli
Orkunotkun MWh	5,5	1.000	4.000	1.000	4.000
Nýtingartími	x	5.000	6.000	5.000	6.000
Taxti	VO11 0	VA230	VA430	VA210	VA410
Verð á kWh fyrir niðurgr.	<b>6,21</b>	<b>4,11</b>	<b>2,50</b>	<b>2,99</b>	<b>2,42</b>
Niðurgreiðslur	0	2,96	1,6	1,89	1,36
Endanlegt verð	6,21	1,15	0,90	1,10	1,06

#### Fylgiskjal IV

Bls. 16 kafli 2.2 Þegar umrædd skýrsla var skrifuð hafði Hitaveita Suðurnesja þegar selt Landsneti sín flutningsvirki.

Bls. 16 kafli 2.3 Þegar umrædd skýrsla var skrifuð voru starfandi 7 dreifiveitur. Orkuveita Reykjavíkur, RARIK, HS Veitur, Norðurorka, Orkubú Vestjarða, Orkuveita Húsavíkur (sem ekki er lengur dreifiveita) og Rafveita Reyðarfjarðar. Fjöldi dreifiveitna var þá ekki 6 og alls ekki Landsvirkjun, Norðurál og Íslenska Járblendifélagið.

Bls. 17 kafli 2.3 HS Orka, en ekki Hitaveita Suðurnesja, býður raforku. Rafveita Reyðarfjarðar hefur ekki boðið sína raforku til sölu utan Reyðarfjarðar og Orkuveita Húsavíkur hefur hætt orkusölu, að vísu eftir tilkomu skýrslunnar.

Bls. 17 kafli 3.1 Nokkrir aðrir taxtar eru í boði en þeir sem tíundaðir eru í kaflanum, t.d. ótryggðir og ómældir taxtar.

Bls. 20 kafli 4.1 Þessi kafli gefur ekki alveg rétta mynd að jafnmikilli notkun og þar er greint frá þar sem hagstæðari taxtar standa slíkum notendum til boða í dreifingu, sérstaklega hjá RARIK og Orkuveitu Reykjavíkur í afli, en einnig RARIK í orkutaxtanum. Þá vantar stórnótendataxta RARIK og háspennutaxta Orkuveitu Reykjavíkur inni í samanburðinn á bls. 22.

Bls.24 kafli 4.1 Um nýtingartíma stóriðju má auðveldlega fræðast í töflu 1 í raforkuspá

Orkusparnefndar sem aðgengileg er á vef Orkustofnunar, en árið 2008 var hann frá því að vera 80% (vegna bilunar) og upp í 96%.

Bls. 26, kafli 4.2 Loðnubræðslur eru allar á ótryggðu rafmagni og eru með olíukatla til vara ef að raforka til bræðslunnar er ekki til staðar. Því er samanburður við slíka framleiðslu óheppilegur.

Bls. 26, kafli 5 Orkustofnun telur að tilgangur dreifbýlisniðurgreiðslna komist ekki til skila, sem mismunar eftir staðsetningu. Taxtar mismuna eftir notkun. Augljóslega er lægri kostnaður fyrir dreifiveitu að skila orku til eins bónda en til notenda í 200 manna þorpi, enda borga heimilin í 200 manna þorpi að meðaltali e.t.v. milli 6 og 7 kr. fyrir dreifinguna á meðan garðyrkjubóndi í dreifbýli greiðir 2,5 til 5 kr. sbr. útreikninga í athugasemdum við fylgiskjal II.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi  
Erindi nr. P 138/1442  
komudagur 29. 3. 2010*

Reykjavík 26. mars 2010

## UMSÖGN SAMBANDS GARÐYRKJUBÆNDA

### Tillaga til þingsályktunar um lækkun rafmagnskostnaðar til garðyrkjubænda

-  
þskj 216 – 193. mál

Samband garðyrkjubænda sendir hér með umsögn um mál nr. 193.

Samband garðyrkjubænda hvetur til þess að þingsályktunin verði samþykkt. SG leggur þó til þá breytingu að ráðherrum beri að skila tillögum að lausn fyrir þinglok í vor.

#### GREINAGERÐ

Samband garðyrkjubænda hefur á árinu 2009 háð mjög erfiða varnarbaráttu vegna aukins rekstrarkostnaðar sem að stórum hluta er af völdum íþyngjandi aðgerðum opinberra aðila. Framleiðsla garðyrkjunnar er um 13,4% af heildarframleiðslu íslensks landbúnaðar. Á sama tíma nýtur garðyrkjan ekki nema um 3-4% af styrkjum sem veittir eru til landbúnaðarins. Reyndar mun verða færð fyrir því rök að styrkir til garðyrkjunnar eru aðeins helmingur þess.

#### Kröfur garðyrkjubænda

Auk þeirra gagna sem lögð voru fram með þingsályktunartillögunni hefur Samband garðyrkjubænda aflað nýrra gagna sem styðja við þær kröfur sem SG hafði uppi á síðasta ári. Kröfurnar voru og eru tvær:

- *Að tekið verði tillit til stærðar en ekki fjölda við skilgreininguna dreifbýli / þéttbýli. Í meðfylgjandi gögnum verður sýnt fram á að hagkvæmara er að dreifa á einn stóran notenda í dreifbýli en til íbúabyggðar en að auki er það samkeppnishamlandi að fyrirtæki í dreifbýli þurfi að borga 25% meira fyrir dreifingu á rafmagni ef það er staðsett fyrir utan þéttbýliskjarna.*

- *Að taxtar dreifingarfyrtækis geri ráð fyrir stórum notendum og þeir njóti þess sem kaupa mikla orku. Garðyrkjan hefur óskað eftir varanlegri lausn þar sem hún verði ekki háð niðurgreiðslum heldur að taxtar endurspegli viðskiptin. Engin atvinnugrein getur búið við þau skilyrði að stærstu breytunni í kostnaði hennar sé breytt árlega.*

### **Eigin dreifiveita garðyrkjunnar?**

Eymundur Sigurðsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Verkfræðistofu Indriða Jónssonar, vann rannsókn fyrir SG í nóvember á síðasta ári um hagkvæmni dreifiveitu fyrir garðyrkjuna og aftur nú í marsmánuði um tekjur RARIK á viðskiptum við garðyrkjuna frá 1975 (sjá meðfylgjandi gögn). Orkustofnun, sem eftirlitsaðili með raforkugeiranum, hefur yfirfarið gögnin. Það skal tekið fram að ef vafaatriði komu upp við notkun næmnilíkans eða annara atriða er hafa áhrif á niðurstöður var leitast við að hafa þær heldur garðyrkjubændum í óhag.

Samband garðyrkjubænda hefur í sjálfur ekki það markmiði að reisa eigin dreifiveitu. Hins vegar þykir rétt að sýna fram á hver raun kostnaður er við slíka framkvæmd miðað við núverandi gjaldskrá sem garðyrkjan býr við. SG telur að núverandi jöfnunarkerfi eigi að vera áfram en bendir þó á að sýna þarf sanngirni við garðyrkjuna eins og kemur í ljós að skortir verulega upp á.

### **Samanburðurinn**

Rannsóknin frá því í desember ber saman stofnkostnað og rekstur eigin dreifiveitu garðyrkjunnar við 3 kosti. Í fyrsta lagi gjaldskrá RARIK til garðyrkjunnar árið 2009. Í öðru lagi gjaldskrá RARIK eftir hækkun nú 1.1. 2010 og í þriðja lagi svokallaðan stórnotendataxta sem RARIK kom fram með fyrir rúmu ári. Stórnotendataxtinn var, að sögn RARIK, ætlaður stórum notendum án nánari skilgreininga. Hins vegar þurfti að kaupa verulegt magn orku þannig að hugsanlega var aðeins einn garðyrkjubóndi sem gat notfært sér hann þar til nú um áramótin. Þá breytti RARIK kröfunni en hækkaði jafnframt verulega fastagjaldið.

Niðurstöður rannsóknarinnar um eigin dreifiveitu eru afar skýrar. Á glæru 2 og 4 er getið um forsendur rannsóknarinnar og á 3. glæru er svæðaskipting garðyrkjunnar eftir notkun. Svæði sem rannsóknin nær til tekur yfir 78% af rafmangsnotkun í garðyrkjunni.

### **Orkugjald til garðyrkju hækkar verulega umfram vísitölu**

Fyrsta niðurstaðan sem vert er að skoða er á glæru 5 en þar er borið saman hækkanir á orkugjaldi til heimila og bænda og ber það saman við vísitölu neysliverðs. Þar má glögg sjá það stökk sem varð við hækkanir gjaldskrá RARIK árið 2009. Það er ljóst að hækkanir á orkukostnaði til garðyrkjunnar eru verulega umfram vísitölu.

### **Megin niðurstaða rannsóknarinnar**

Á glæru 6 kemur fram að miðað við gjaldskrá RARIK á dreifingu þá borgi dreifiveitan sig upp á 5-6 árum. Ef miðaða er við gjaldskrána 2009 borgar veitan sig upp árið 2016 en ef miðað er við núverandi gjaldskrá þá borgar hún sig upp árið 2015. Ef stórnotendataxti er viðmiðið borgar hún sig upp árið 2023. Þá er áætlaður fjárfestingar-/stofnkostnaður um 411 milljónir króna og því leitun að hagkvæmari fjárfestingarkosti!

### **Rýnt í ýmsar niðurstöður**

Þær niðurstöður sem birtast í gögnunum frá því í nóvember staðfesta:

- að orkutöp í kerfinu þurfa að vera a.m.k. 10 kr./kWh yfir 25 ára tímabil (glæra 10) svo fjárfestingin borgi sig ekki og er þá miðað við stórnotendataxtann sem er hagstæðastur fyrir garðyrkjuna. Ef miðað er við núverandi taxa þurfa töpin að vera um 40 kr. /kWh. Samkvæmt rannsókninni eru töpin reiknuð 3,12 kr. /kWh og er það frekar í hærri kantinum.
- að stofnkostnaður þarf að fara yfir 550 milljónir til þess að fjárfestingin borgi sig ekki ef miðað er við stórnotendataxtann (glæra 11). Hann þarf aftur á móti að fara yfir 1 milljarð ef miðað er við núverandi taxa!
- að rekstrarkostnaður þarf að fara yfir 7,5% af stofnkostnaði (glæra 11) til að fjárfestingin borgi sig ekki og enn er miðað við stórnotendataxtann. Rekstrarkostnaður þarf hinsvegar að fara yfir 18% af stofnkostnaði ef miðað er við núverandi taxa! Rekstrarkostnaður er 4% í rannsókninni! Meðalrekstrarkostnaður RARIK er þó enn lægri.
- að hækkunir á gjaldskrá RARIK þurfa að vera minni en 2,5% á ári (glæra 12) til að fjárfestingin borgi sig ekki og er þá miðað við núverandi taxa. Ef miðað er við stórnotendataxta þarf sú hækkun að vera minni en 6,8% til þess að veitan verði óhagkvæm. RARIK hækkaði gjaldskrá sína um 10% þann 1.1. 2010 og von er á annari hækkun síðari hluta sumars þar sem Landsnet mun að öllum líkindum hækka sínar gjaldskrár. Talið er að helmingur hækkunar Landsnets skili sér í hækkun gjaldskrá RARIK. Þann 1.1. 2009 hækkaði gjaldskrá RARIK um 15% og 1.8. 2009 um 5%! Glæra 5 sýnir þá umframhækkun sem RARIK hefur sótt sér til garðyrkjunnar.
- að orkunotkun garðyrkjubænda þarf að minnka í 80% af núverandi notkun til að fjárfestingin borgi sig ekki (glæra 8). Allar götur frá árinu 1990 hefur orkunotkun í garðyrkju margfaldast. Hún tífaldaðist fram til 2001 og tvöfaldaðist síðan fram til dagsins í dag. Orkunotkun fór úr 3 gWh í um 70 gWh á þessum tíma. Á síðasta ári minnkaði hún þó um 5% og er ástæður hægt að rekja til hækkunar á verði rafmagns. Er það í fyrsta skipti í sögu raflýsingar í garðrækt sem það gerist.
- að RARIK hefur frá árinu 2005 hækkað gjaldskrár sínar tvöfalt á við hækkun verðlagsvísitölu. Röksemd fyrirtækisins að þrátt fyrir allt eigi það inni (heimild) fyrir enn meiri hækkunum er í besta falli léttvægt spaug en í versta falli dæmi um rangt stöðumat. Hagnaður RARIK 2009 fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 32,7% af veltu.

### **Hagur RARIK af viðskiptum við garðyrkjunnar frá 1975**

Samband garðyrkjubænda lét einnig reikna út hvort staðhæfingin um að garðyrkjan sé lélegur kúnni stæðist. Undanfarið ár hefur þessari fullyrðingu verið varpað fram á opinberum vettvangi. Forsendur sem SG notast við eru á glæru 15 og eru þær fengnar frá RARIK. Ákveðið var að setja viðmiðið við árið 1975 en í gögnum Orkuspánefndar er talið að þá hefjist raforkusala til ylræktar. Með því fæst góð yfirsýn yfir notkun, kostnað dreifiveitunnar og tekjur af þessum viðskiptum.

Á glæru 16 er sýnt hvernig þróun notkunar hefur verið og þessi gríðarlegu stökk sem urðu eftir 1990 og svo aftur upp úr aldamótum. Tekið skal fram að allir útreikningar eru núvirtir.

Niðurstaðan er sú (glæra 17) að árið 1998 hefur fjárfesting RARIK borgað sig að fullu. **Hagnaður RARIK af viðskiptum við garðyrkjuna er í námunda við 527 milljónir króna!** Út frá hagnaðarsjónarmiði er hægt að staðhæfa að garðyrkjan sé góður kúnni dreififyrirtækisins. Það er hugsanlegt að garðyrkjan geti verið lélegur kúnni eftir einhverri annari mælistiku en erfitt er að koma auga á hana.

#### **Viðbótarsamanburður bóndi / sveitarfélag**

Að lokum er á glærum 20 og 21 samanburður á kostnaði við að leggja dreifikerfi til bónda í dreifbýli og sveitarfélags með 787 heimili. Um er að ræða raun dæmi. Til að einfalda hlutina þá er forsendan sú að allir íbúar sveitarfélagsins búi í fjölbýli en það er hagkvæmara að leggja dreifikerfi í þau en í einbýli.

Niðurstaðan er að kostnaðurinn við að leggja dreifikerfi til 787 íbúa er um 311 milljónir króna. Að sama skapi er kostnaður við lagningu til bóndans hins vegar 17 milljónir króna! Rökin fyrir verulega hærra kostnaði við dreifingu rafmagns til ylræktarbónda í dreifbýli eiga því ekki við.

#### **Niðurgreiðslur – eða varanleg lausn**

Barátta garðyrkjubænda á síðasta ári skilaði 30 milljónum í auknar niðurgreiðslur og var því komið í veg fyrir alvarleg rekstrarvandamál. Um áramótin hækkaði RARIK gjaldskrá sína um 10% og við það **hurfu 13 m til RARIK!** SG gerir sér grein fyrir að jöfnuður þurfi að ríkja í dreifkostnaði. Að sama skapi þarf að gæta hófs í jöfnuði og sanngirni ríkja. Hvorki garðyrkjan né þingmenn vilja standa í þeim dansi árlega hversu miklu fjármagni eigi að veita af fjárlögum til þessara niðurgreiðsla. Raforkukostnaðurinn er um 30% af rekstarkostnaði garðyrkjunnar og er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn og skiptir því verulegu máli að verð rafmagns sé sanngjarnt.

SG hefur bent á að 1/3 af niðurgreiðsluþörf, vegna dreifingar, síðastliðin 5 ár stafar af aukinni rafmagnsnotkun garðyrkjunnar 2/3 orsakast af gjaldskrárhækkunum RARIK. Hlutfall dreifingar af heildar rafmagnskostnaði hefur vaxið úr að vera um 35% í það að vera 55% eftir síðustu gjaldskráhækkun.

Meðfylgjandi gögn sýna að núverandi gjald vegna dreifingar á rafmagni er verulega hærra en ef garðyrkjan ræki eigin dreifiveitu. Einnig kemur í ljós að garðyrkjan er í raun að greiða niður dreifikostnað annara að verulegu leiti á þeim svæðum þar sem hún er staðsett. Staðhæfingin að verið sé að veita **niðurgreiðslur til garðyrkjunnar er því röng.**

Núverandi heildarverð á rafmagni (orkuhluti + flutningur og dreifing) til garðyrkjunnar er 4,11 kr./ kWh í þéttbýli og 4,16 kr./kWh í dreifbýli. Þessi litli munur stafar af því að niðurgreiðslum er veitt meira til dreifbýlis. Meðal niðurgreiðslan er um 80% af dreifingarkostnaði. Ef niðurgreiðslur væru eins og kveðið var á um í samningi sem SG skrifaði undir árið 2005 þá væri niðurgreiðslan 95% af dreifingarkostnaði. Verðið væri þá 3,52 kr./kWh í þéttbýli og 3,61 kr./kWh í dreifbýli. Það er nálgun við ásættanlega verðlagningu.

Sú varanlega lausn sem garðyrkjan óskar eftir er að hún endurspeglist í gjaldskrá. SG gerði 5 ára rammasamninga við orkufyrirtækin nú í mars mánuði. Í tilboðum endurspeglast það verð sem ásættanlegt er fyrir stóra kaupendur rafmagns og aðilar skrifuðu undir. Slíkt skortir á í gjaldskrá RARIK. Fyrirtækið hefur ekki verið tilleiðanlegt að koma til móts við garðyrkjuna.

### **Dreifbýli / þéttbýli**

Reglugerð 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga kveður á um að 200 íbúa þarf til að mynda þéttbýli. Nánast allar garðyrkjustöðvar eru hver um sig að kaupa meira en sem nemur notkun 200 íbúa. Kostnaður við lagningu og þjónustu er verulega minni við að þjónusta einn stóran aðila en að auki eru allar lagnir verulega hagkvæmari þar sem lagt er á einn stað í stað margra. SG telur sanngjarnt að tekið sé tillit til magn orkukaupa en ekki hausafjölda.

### **Samandregnar niðurstöður af rannsóknum Sambands garðyrkjubænda**


*Út frá gögnum um stofnkostnað og rekstur eigin dreifiveitu er ljóst að verð á dreifingu rafmagns sem garðyrkjubændur greiða í dag er of hátt*

*Rökin fyrir dreifbýlistaxta við dreifingu raforku standast ekki þegar um er að ræða stóran notanda rafmagns.*

*Rangt er að halda því fram að um sé að ræða niðurgreiðslur til garðyrkjunnar.*

Samband garðyrkjubænda óskar eftir því að fá að gera nánari grein fyrir máli sínu og fá þá jafnframt tækifæri til að svara spurningum þingmanna. Ef leitast verður eftir því að kynna niðurstöður rannsókna Eymundar nánar og rýna í forsendur er sjálfsagt að verða við því.

F. h. Sambands garðyrkjubænda



Bjarni Jónsson  
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi gögn:


1. Minnisblað Eymundar Sigurðssonar
2. Niðurstöður Eymundar Sigurðssonar á rannsókn um hagkvæmni eigin dreifiveitu





# Minnisblað

Sölufélags Garðyrkjumanna fékk Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar til að reikna út hvort það borgaði sig að setja upp og reka eigin veitu í uppsveitum Árnessýslu, en þar eru rekinn um 80% af öllum garðyrkjubúum á Íslandi, sem tengjast dreifiveitu Rarik. Auk þess skildi skoða hvort gjaldskrákerfi Rarik biði upp á einhverjar sanngjarnar lausnir fyrir þá bændur sem væru utan þessa ákveðna svæðis.




## 1. FORSENDUR

Sett var upp EXCEL líkan sem byggir á hefðbundnum aðferðum þar sem allur framtíðarkostnaður og gjöld eru núvirt (NPV). Ef einhver vafi lék á forsendum var leitast við að hafa þær garðyrkjubændum heldur í óhag til að niðurstaðan yrði örugglega íhaldssöm það er að segja garðyrkjubændum ekki óeðlilega í hag. Forsendur og líkanið var borið undir eftirlitsaðila (Orkustofnun) og gerðar á því ýmsar lagfæringar eftir gagnlegar ábendingar sem þaðan komu.


## 2. NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður voru mjög afdráttarlausar og kom það þeim er unnu að málinu nokkuð á óvart hversu mikið afdráttarlausu þær voru.

Þegar kostnaður eigin dreifiveitu var borinn saman við gjaldskrá Rarik árið 2009, nýja gjaldskrá 2010 og nýja stórnotendagjaldskrá 2010 fékkst að eigin veita myndi borga sig upp fyrir árið 2015 eða 2023 eftir því hvaða gjaldskrá var miðað við. Augljóst er að stórnotendataxtinn lagar aðstöðu garðyrkjubænda talsvert, en það er spurning hversu margir af þeim geta nýtt sér hann og hvort einhver annar aukakostnaður fylgi því að fara inn á þann taxa. Í samanburðinum er gert ráð fyrir að allir geti skipt yfir á þann taxa án nokkurra sérgjalda.



Samkvæmt orkuspa hófst lýsing í gróðurhúsum árið 1975 hér á landi. Samkvæmt því má meta tekjustreymi dreifingarinnar til dagsins í dag og draga frá því áætlaðan kostnað á sama tímabili til að meta hagnað dreifingaraðilans af þessum viðskiptum.



Grafið sýnir sjóðstreymi á núvirtum tekjum og gjöldum frá árinu 1975-2010. Árið 1998 hefur

fjárfestingin borgað sig miðað við gefnar forsendur.

Loks var skoðaður elnn garðyrkjubóndi utan Árnessýslu og hans notkun borin saman við lítið byggðarlag og einnig borinn saman sá kostnaður sem af viðskiptum við þessa aðila kallar á vegna tenginga o.s.frv.. Allt var þetta metið út frá opinberum upplýsingum um meðalnotkun heimila og miðað var við þetta byggð það er fjölbýlis-hús en ekki einbýli.

	Sveitarfélag	Bóndi
Orkunotkun (787 heimili - 1 bóndi)	3,46 MWh	3,46 MWh
Kostnaður við að leggja lagnakerfi	390.000.000	20.000.000
Tengingjöld	79.000.000	3.200.000
Lagt út af dreifiveitu	311.000.000	16.800.000

Niðurstaðan er sú að það er saman hvernig dæmi er sett upp ávalt kemur fram að garðyrkjubændur hljóti að vera umtalsvert góður viðskiptavinur dreifiveitunnar.




Verkefnið  
Jóhanna Indriássonar ehf.

# GARÐYRKJUBÆNDUR

KOSTNAÐUR VEGNA EIGIN LAGNA  
VS  
GJALDSKRA RARIK




## FORSENDUR VEGNA EIGIN LAGNA í uppsveitum Árn.

Garðyrkjubændur

- ▣ Þeirbyli 70%
- ▣ Dreifbyli 30%

Notkun


- ▣ ABL 9.127,50 kW
- ▣ ORKA 45.637.479 kWh
- ▣ Framleiðslutími 5.000 h/year
- ▣ Notkunartímabil 25 ár



## Forsendur

- Stofnframlagskostnaður
  - 411 000 000 kr.
- Rekstrarkostnaður
  - Vextir: 10%
  - Íþop: 3.12 kr/kWh
  - Annar Rekstrarkostnaður: 4%
- Hækkunir á verðskrá milli ára
  - Gjaldskráströðull RARIK: 7%
  - Gjaldskráströðull Landsnets: 7%

Þunnaður	Stærð	Eining	m.kr/ein	m.kr
Spannill 66/11	2	stk	30	30
66 kV rafli Flúðum	1	stk	40	40
11 kV rafli Flúðum	5	stk	5	25
11 kV búur Reykjóti	9	stk	2	18
11 kV búur Leugráði	10	stk	2	20
11 kV búur Flúðum	8	stk	2	16
Strengur	27500	m	0,008	220
Leingjarn	21	stk	2	42
<b>Stofnframlagskostnaður</b>				<b>411</b>



**Niðurstaða**



Meðal við þessar forsendur verður verkefnið búið að borga sig upp

- Árið 2016 m.v. gjaldskrá RARIK 2009
- Árið 2015 m.v. gjaldskrá RARIK 2010
- Árið 2023 m.v. gjaldskrá stórnotenda

*Gjaldskrá stórnotenda tók gildi í gjaldskrá 12.2008*

Heildarkostnaður yfir 50 ára tímabil	NPV
KOSTNAÐUR VEGNA EIGIN LAGNA	1.798,75
RARIK 2009	2.515,98
RARIK 2010	2.707,18
RARIK STÓRNOTANDI	2.020,65







## Næmnigreining



■ Bláttíðarsmíði forsendum var breytt:

- Töp (3,12 kr/kWh)
- Vextir (12%)
- Stofnkostnaður (411 mkr)
- Aflegur rekstrarkostnaður (4%)
- Gjaldskrárstíðull RARIK (6%)
- Breyting á notkun (100%)

9





## Top og Vextir




Þöpin þurfa að vera á m.k. 10 kr/kWh yfir 25 ára tímabil svo fjárfesting borgi sig ekki miðað við tæxta störnótenda.

Minnun á gjaldskrá minnkar eftir því sem vextir hækki.


10










**SJÓNARHORN ÞESS SEM  
 HEFUR HAFT ÞESSI VIÐSKIPTI  
 FRÁ ÁRINU 1975**








## SAMANBURÐUR ORKUNOTKUN BÓNDA V.S. SVEITAFÉLAG OG TILSVARANDI KOSTNAÐUR

19



## Orkunotkun bónda v.s. sveitafélag

<ul style="list-style-type: none"> <li>□ Orkunotkun bónda í Laugalandi Nýbyggingarmi (85% ástrimigsemi efnis- og raforkandi bónda)</li> </ul>	<p>3,46 MWh/ári, 5000h (&lt;1200 A)</p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>□ Meðalkunnotkun heimila Nýbyggingarmi (75% ástrimigsemi 2005-2030)</li> </ul>	<p>4,4 kWh/ári 4400h</p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>□ Þjófari heimila em bónda (Eftir skatt, arlun bónda meira og því hágskeðara fyrir þarft)</li> </ul>	<p>~787 heimili</p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>□ Kostnaður við að leggja lagnakerfi (miðað við 2,3 ha byggisvæðiblokk)</li> </ul>	<p>~0,5 m.kr./heimili</p>
<ul style="list-style-type: none"> <li>□ Tengingjald heimila:</li> </ul>	<p>~0,1 m.kr./heimili</p>

20





## Orkunotkun bónda v.s. Sveitafélag – einfaldað dæmi

### SVEIFAFÉLAG (RÁÐGÆFING)

- Kostnaður við að leggja  
lagnakerfi í byggðarlag
  - 390 m.kr.
- Tengigjald heimila
  - 79 m.kr.
- Kostnaður sem RARIK  
leggur út  
og innheimtur gegnum gjaldskrá  
yfir ótiltekin tíma
  - 311 m.kr.

### BONDI

- Kostnaður við að setja  
upp 11 kV dreifistöð við  
húsgaff
  - <20 m.kr.
- Tengigjald bónda  
(í 200A-3F-skv. gjaldskrá)
  - 3,2 m.kr.
- Kostnaður sem RARIK  
leggur út  
og innheimtur í gegnum gjaldskrá  
yfir ótiltekin tíma
  - <17 m.kr.

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 13 – 15  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. mars 2010

**Varðar:** Tillaga til þingsályktunar um lækkun raforkukostnaðar til garðyrkjubænda, 193. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins hafa fengið ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. Samtökin leggja til að tillagan taki til atvinnustarfsemi almennt. Horft verði til notkunarmynsturs raforku en ekki til hvers orkan er notuð. Ef gerðar verða breytingar á kerfinu fara samtökin fram á að það sé gert á almennum grunnl sem gagnast öllum notendum sem svipað hagar til um.

Raforka er undirstaða ýmissar framleiðslu hérlendis hjá stórum og smáum fyrirtækjum og skiptir raforkuverð verulegu máli í rekstri þeirra. Full ástæða er til að skoða almennt hvernig lagaumhverfið hentar hefðbundnum framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum, með það fyrir augum að auka sveigjanleika innan kerfisins fyrir slíka notendur. Það á einkum við um flutning og dreifingu sem vegur þungt í heildarorkuverði.

Raforkulögin frá árinu 2003 eiga að tryggja að ekki sé mismunandi verð eftir því til hvers rafmagn er notað. Horft skal til notkunarmynsturs og staðsetningu kaupanda. Ekki á að skipta máli hvort verið sé að rækta grænmeti, ala fisk, framleiða skyr eða smíða úr tré eða málmum. Samtökin beina því til nefndarinnar að forðast slíka mismunun. Því leggja samtökin það til að þingsályktunartillagan taki til raforkukostnaðar fyrir atvinnustarfsemi. Ef talin er ástæða til að breyta kerfinu fara samtökin fram á að breytingarnar verði almennar og gangist öllum notendum sem svipað hagar til um.

Virðingarfyllst,




Pétur Reimarsson  
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir  
Samtök iðnaðarins

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
b/t Gauts Sturlusonar  
nefndarrítara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P/138/1488  
komudagur 30.3.2010



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Reykjavík, 29. mars 2010.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um lækkingu rafmagnskostnaðar garðyrkjubænda. (193. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að kannaðar verði leiðir til að lækka rafmagnskostnað garðyrkjubænda, sérstaklega dreifingarkostnað.

Viðskiptaráð hefur áður lýst yfir þeirri skoðun sinni að samkeppnissjónarmið og markaðsráðandi öfl eigi að stýra hagræðingu og framleiðslu innan einstakra greina og afnema eigi kerfi styrkja, beingreiðslna og tollaverndar. Þrátt fyrir það telur ráðið að þörf gæti verið á að endurskoða heildarumgjörð rafmagnsdreifingar til garðyrkjubænda. Slík endurskoðun gæti stuðlað að lækkingu á rafmagnskostnaði án þess þó að fela í sér frekari niðurgreiðslur eða sérstaka vernd fyrir greinina.

Viðskiptaráð tekur undir með höfundum tillögunnar að ekki rýki eðlileg staða meðal garðyrkjubænda. Þeir sem stunda starfsemi sína innan skilgreindra þéttbýli greiða ekki sama verð vegna dreifingar á rafmagni og þeir sem búa á skilgreindu dreifbýli, þrátt fyrir að magn rafmagns sem eitt meðalstórt garðyrkjubú notar sé umfram notkun á lágmarks skilgreindu þéttbýli. Leiðréttu mætti hér þá mismunandi stöðu sem myndast milli bænda af þessum orsökum og endurskoða þær reglur sem gilda á því sviði.

Almenn samkeppnissjónarmið eiga að vera höfð að leiðarljósi þegar staða garðyrkjubænda er yfirfarin og tekið mið af áhrifum þeirra breytingar sem þegar hefur verið farið í, til að mynda hefur hlutdeild þeirra sem rækta tómata og gúrkur aukist á íslenskum markaði eftir afnám tollaverndar þessara tegunda. Það er mat ráðsins að ívilnanir og vernd til handa íslenskum bændum þjóni ekki alltaf hagsmunum þeirra. Almenn markaðslögmál og hagræðing í rekstri skili betri stöðu innan greinarinnar.

Nú þegar eru töluverðir styrkir til garðyrkjubænda samkvæmt aðlögunarsamningi milli ríkis og garðyrkjubænda, t.d. í formi niðurgreiðslna á lýsingu í ylrækt, eða sem nemur 165 milljónum króna fyrir árið 2010, skv. fjárlögum og auk þess þá njóta þær greinar enn tollverndar sem byggja á útiræktun.


Þau áhrif sem má rekja til afnáms tolla árið 2002 á innlenda framleiðslu benda til aukinnar sjálfbærni og hagræðingar. Fyrirtækjum hefur að vísu fækkað en um leið hefur framleiðsla aukist, sem bendir til aukinnar hagræðingar innan greinarinnar. Markaðsöfl drífa framleiðsluna frekar áfram en fyrir afnám tolla og hefur framleiðsluvirði aukist. Greinin þarf þó frekari hagræðingar við til að halda hlutdeild sinni í heildar landsframleiðslu, sem hefur dregist saman. Með því beingreiðslukerfi sem nú er við lýði er framleiðslumagni stýrt með beingreiðslunum en ekki af eftirspurn og framleiðslumöguleikum.

Tollaafnámið virðist hafa haft þau áhrif að sú ræktun sem er hagkvæm miðað við íslenskar aðstæður, s.s. ræktun á gúrkum og tómötum, hefur aukist en á sama tíma hefur ræktun á papríkum dregist saman, sem gefur til kynna að ekki sé um eins hagkvæma ræktun að ræða, þegar tekið er mið af íslenskum aðstæðum.

Viðskiptaráð leggur til að farið verði út í skoðun á rafmagnskostnaði til garðyrkjubænda en ekki með það að leiðarljósi að setja á frekari afslætti eða niðurgreiðslu heldur til að stuðla að frekari hagræðingu innan greinarinnar. Leggur ráðið einnig til að farið verði markvisst í vinnu við að endurskoða þá beingreiðslu og tollavernd sem gætir í greininni með afnám að markmiði.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga að teknu tilliti til þess sem kemur hér fram.**

Virðingarfyllt,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands